

# STARFSLEYFI

## Marini –malbikunarstöð með breytilega staðsetningu

Rekstraraðili:

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.

Lögheimili: Gullhelli 1, 221 Hafnarfirði

Kt: 420187-1499

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI

### 1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir rekstur færanlegrar malbikunarstöðvar af gerðinni Marini. Rekstraraðili er Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. kt. 420187-1499, með lögheimili að Gullhelli 1, Hafnarfirði. Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann, án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi. Með umsókninni skulu fylgja gögn sem sýna fram á að rekstraraðilinn muni taka við rekstrinum. Verði gerð breyting á nafni rekstraraðila ber honum að tilkynna Umhverfisstofnun slíka breytingu.

Rekstraraðili getur falið verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi hann þá gengið úr skugga um að viðkomandi hafi öll tilskilin leyfi.

Rekstraraðili ábyrgist þó áfram að ákvæðum starfsleyfisins sé fylgt. Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir og haga starfsemi í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir og ákvarðanir um stöðuleyfi.

### 1.2 Umfang starfseminnar og stöðuleyfi

Rekstraraðila er heimilt að framleiða allt að 200 tonn/klst. af malbiki í stöðinni. Gert er ráð fyrir að staðsetning stöðvarinnar sé breytileg eftir því hvernig verkefni skapast fyrir stöðina. Stöðin skal hafa leyfi fyrir staðsetningu stöðvarinnar sbr. gr. 3.11.

Starfsleyfið er bundið við rekstur malbikunarstöðvar af gerðinni Marini (Express 2500 P, árgerð 2016). Heimilt er að hafa við stöðina olúgeyma (daggeyma) fyrir starfsemina með fullnægjandi lekavörn. Starfsemin skal rekin í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

### 1.3 Eftirlit

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila í samræmi við XIV. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og X. kafla reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tímabilið milli tveggja vettvangsheimsóknna við eftirlit skal byggt á áhættumati, sbr. 54. gr. laga nr. 7/1998 og 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Eftirlit felst í umsjón með lögbundnum skilum, yfirferð og mati á gögnum. Jafnframt felst eftirlit í yfirferð gagna og reglubundinni skoðun á vettvangi, móttöku athugasemda og fyrirspurna. Eftir hvert eftirlit tekur eftirlitsaðili saman skýrslu. Skýrslan skal vera gerð aðgengileg á vefsíðu Umhverfisstofnunar, á vefsvæði rekstraraðila, eftir að rekstraraðili hefur fengið tækifæri til að koma að athugasemdum og brugðist hefur verið við þeim. Athugasemdirnar skulu eftir atvikum birtar með skýrslunni.

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á sviði starfseminnar er eftirlitsaðila heimilt að beita úrræðum skv. gr. 1.7 og gildandi lögum og reglugerðum.

Viðbótareftirlit getur farið fram m.a. vegna nýs búnaðar, til rannsóknar á alvarlegum ábendingum vegna umhverfisins, alvarlegum umhverfisslysum, óhöppum og tilvikum þar sem reglum er ekki fylgt eða sérstakra úttekta vegna áætlana sem rekstraraðili hefur gert um úrbætur.

Eftirlitsaðila skal heimill aðgangur til skoðunar og eftirlits, þar á meðal töku sýna og myndatöku, sbr. 62. gr. laga nr. 7/1998.

#### 1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á atvinnurekstrinum með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 1. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 550/2018. Á grundvelli þeirra metur stofnunin hvort nauðsynlegt sé að gefa út nýtt starfsleyfi sbr. 2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar.

Ef breytingin felur eingöngu í sér flutning stöðvarinnar skal fara með málið sbr. gr. 3.11.

#### 1.5 Gangsetning, flutningur og stöðvun rekstrar (lokun)

Þegar framleiðsla malbiks hefst á hverjum stað skal gera áætlun yfir ráðstafanir sem gera þarf fyrir næsta flutning malbikunarstöðvarinnar til þess að úrgangi, efnum, útbúnaði, tækjum, rekstrarsvæði, geymum, lögnum og menguðum jarðvegi verði ráðstafað á viðurkenndan hátt og varðandi annan frágang. Áætlunin skal borin undir Umhverfisstofnun. Gera skal grein fyrir geymslu hráefna og hvaða varnir verða viðhafðar til að hindra fok úr geymsluhaugum sem komið er fyrir á starfssvæðinu.

Gera skal slökkviliði á viðkomandi stöðum viðvart um flutning stöðvar.

Rekstrarstöðvun og brottflutningur stöðvarinnar frá hverjum stað skal tilkynnt eftirlitsaðila þegar ákvörðun liggur fyrir þannig að taka megji út frágang. Þá skal tilkynna um það ef reksturinn hefur verið stórlega skertur, þó ekki hafi enn komið til flutnings stöðvarinnar. Bilanir, viðhald og árstíðabundnar breytingar í framleiðslu telst ekki stórlega skertur rekstur.

Alltaf skal lágmarka möguleg mengunaráhrif við gangsetningu, flutning og stöðvun eða lokun rekstrar og skal tryggja að ekki sé skilið eftir hráefni eða kyrrstætt fráveituvatn (t.a.m. olíuskiljur eða rotþrær) á athafnarsvæðinu.

Nægilegan fyrirvara skal gefa til að Umhverfisstofnun geti tekið út frágang vegna flutnings og kynnt sér aðstæður á nýjum stað.

#### 1.6 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið reglulega, sbr. 15. gr. laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018.

Einnig er skylt að endurskoða starfsleyfið ef forsendur rekstrarins breytast með eftirfarandi hætti, sbr. 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018:

- Ef rekstraraðili breytir rekstrinum með þeim hætti að tilkynningaskyld er, sbr. gr. 1.4.

- Ef ef nota þarf aðra tækni vegna rekstraröryggis.
- Ef mengun af völdum rekstrarins er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út eða ef vart verður mengunar sem ekki var gert ráð fyrir við útgáfu leyfisins.
- Ef breytingar verða á bestu aðgengilegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr losun mengunarefna. Ef breytingar verða á viðmiði um bestu aðgengilegu tækni skal rekstraraðili senda útgefanda starfsleyfis, skv. beiðni útgefandans, tímasetta áætlun sem fjallar um með hvaða hætti hann hyggist taka upp hina nýju tækni en rökstyðji annars að honum sé það ekki mögulegt.
- Ef breytingar verða á lögum eða reglum um mengunarvarnir eða annað sem snertir reksturinn.

Rekstraraðila er þó ætíð skylt að fara að gildandi lögum og reglugerðum, sbr. gr. 1.1, jafnvel þótt starfsleyfi hafi ekki verið endurskoðað.

### 1.7 Valdsvið, viðurlög og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða á starfssviði sínu, eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur, getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til að knýja fram úrbætur.

Stofnuninni er m.a. heimilt að veita áminningu og hæfilegan frest til úrbóta, ákveða rekstraraðila dagsektir og stöðva starfsemi eða takmarka hana til bráðabirgða, sé um alvarlega hættu, alvarleg tilvik eða ítrekað brot að ræða eða ef úrbótum er ekki sinnt innan tiltekins frests.

Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.

### 1.8 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við 6. gr. og ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018 .

Umhverfisstofnun birtir niðurstöður skv. gr. 1.3 og 1.7 opinberlega. Birtingin er á vefsíðu stofnunarinnar eða með öðrum aðgengilegum hætti. Að öðru leyti vísast til upplýsingastefnu stofnunarinnar.

### 1.9 Umhverfisábyrgð

Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi, sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

## 2. STARFSHÆTTIR

### 2.1 Starfshættir og umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal beita góðum starfsreglum og draga sem mest úr því álagi sem starfsemin veldur á umhverfið.

Gerðar skulu nauðsynlegar ráðstafanir til þess að koma í veg fyrir mengunaróhöpp og draga úr afleiðingum þeirra. Viðhald á mengunarvarnabúnaði skal vera fyrirbyggjandi.

Setja skal umhverfismarkmið fyrir reksturinn og þau endurskoðuð á fjögurra ára fresti. Umhverfismarkmið skulu liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila (sjá gr. 2.4) er fullnægjandi að vísa til þeirra.

## 2.2 Samskipti og samráð

Sérstakur fulltrúi rekstraraðila skal vera tengiliður við eftirlitsaðila og ber hann ábyrgð á samskiptum rekstraraðila vegna eftirlits með mengunarvörnum og framkvæmd viðbragðsáætlana. Eftirlitsaðili getur haft samband við fulltrúann utan hefðbundins starfstíma ef þörf krefur. Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið.

## 2.3 Verkstjórn

Starfsmenn skulu vera þjálfaðir til að bregðast við mengunaróhöppum og hafa viðeigandi þjálfun á tæki og öryggisbúnað sem gerir þá hæfa til vinnu í stöðinni.

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá olíubirgðum, olíuúrgangi, eiturefnum og hættulegum efnum að ekki sé hættu á að þessi efni berist út í umhverfið, í sjó, í yfirborðsvatn eða í grunnvatn. Tryggja skal kennslu og æfingu í að bregðast við mengunaróhöppum.

Umgengni skal vera snyrtileg á athafnasvæði.

Eftirlitsaðili getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

## 2.4 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi, kjósi hann það. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001 eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB sbr. reglugerð nr. 344/2013 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

Umhverfisstjórnunarkerfið skal m.a. fjalla um yfirstjórnun og fela í sér umhverfisstefnu sem kveður á um stöðugar umbætur á verkferlum og útbúnaði, greiningu á regluverki um umhverfismál og það skal ná yfir vöktun á losun og umhverfisvöktun.

## 2.5 Áhættumat og viðbragðsáætlun vegna hættu á mengun hafs og stranda

Umhverfisstofnun getur farið fram á að rekstraraðili sé með viðbragðsáætlun fyrir þann stað sem stöðin hefur stöðuleyfi hverju sinni. Slíkar áætlanir skulu byggjast á áhættumati sem tekur m.a. tillit til þátta sem fram koma í b-lið viðauka laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Þar skal taka á hugsanlegri hættu á bráðamengun og hvenær tilkynna skuli um mengunaróhöpp til Umhverfisstofnunar.

Viðbragðsáætlunin skal vera tiltæk starfsmönnum á vinnustað og aðgengileg fyrir eftirlitsaðila og senda skal Húsnæðis- og mannvirkjastofnun og slökkvistöð á viðeigandi stað afrit af áætluninni. Viðbragðsáætlun skal endurskoða a.m.k. á fjögurra ára fresti ef ekki hefur átt sér stað flutningur stöðvarinnar á þeim tíma.

## 2.6 Viðbrögð við mengunaróhöppum

Verði óhapp sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða til að koma í veg fyrir útbreiðslu mengunarefna og til að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Eftir því sem við á skal fylgja viðbragðsáætlun sbr. gr. 2.5. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Rekstraraðili skal fara yfir öll óhöpp og gera ráðstafanir sem miða að því að hindra að sambærileg atvik endurtaki sig. Eftirlitsaðili skal upplýstur um slíkar ráðstafanir.

## 2.7 Tilkynningar vegna mengunaróhappa

Ef óhapp verður sem þarfnast tafarlausra aðgerða skal hafa samband við 112 Neyðarlínuna.

Tilkynna skal eftirlitsaðila um mengunaróhapp eins fljótt og mögulegt er (á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)). Greina skal eftirlitsaðila frá því ef hættu er talin á neikvæðum afleiðingum fyrir umhverfið.

Eftirlitsaðila er heimilt, ef þörf er á, að óska eftir upplýsingum um önnur sérstök atvik í rekstri sem geta haft í för með sér aukna mengun.

## 2.8 Trygging vegna bráðamengunar

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, sem jafngildir allt að 1 milljón SDR, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004. Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun staðfestingu á tryggingunni þegar þess er óskað.

## 2.9 Breytingar á mælingum

Eftirlitsaðili getur, telji hann ástæðu til, farið fram á tíðari mengunarmælingar/útblástursmælingar eða efnagreiningar en starfsleyfið gerir ráð fyrir eða heimilað að dregið verði úr tíðni mælinga eftir því sem við á.

Ákvörðun um að draga úr tíðni mælinga skal þó ekki tekin nema eitthvert eftirfarandi skilyrða sé fyrir hendi:

- Mælingar hafi sýnt með sannfærandi hætti að mengunarþáttur er óverulegur.
- Mælingum hafi áður verið fjölgað umfram þær sem starfsleyfið tilgreinir.
- Sýnt hafi verið fram á að nota meggi aðrar aðferðir en mælingar við að meta mengunina sem Umhverfisstofnun samþykkir.

# 3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

## 3.1 Mengunarvarnir

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal halda neikvæðum heildaráhrifum á umhverfið í lágmarki (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir skal haldið í lágmarki.

Besta aðgengileg tækni hefur verið skilgreind í „Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes“, útgefið af EAPA í júní 2007.

Rekstraraðili skal sjá til þess að starfsemin sé ávallt í samræmi við bestu aðgengilegu tækni (BAT) mengunarvarna og nýta orku vel. Verði breytingar á bestu aðgengilegu tækni skulu þær taka gildi í samræmi við ákvæði reglugerða.

## HRÁEFNI OG ELDSNEYTI

## 3.2 Móttaka, geymsla og flutningur hráefna

Rekstraraðili skal hefta rykmengun við móttöku, geymslu og flutning hráefna. Skal liggja fyrir áætlun sem miðar að því að hefta rykmengun frá starfseminni við óhagstæð veðurskilyrði. Í áætluninni skal einnig koma fram tilhögun á reglulegri hreinsun flutningsleiða og hjólabúnaði ökutækja.

Ef ekki tekst að hefta fok að mati eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun farið fram á endurskoðun mengunarvarna og áætlunarinnar.

Eftirlitsaðili getur krafist þess, þegar stöðin veldur álagi á umhverfi sitt, að komið sé upp skjóli þar sem fok efnis getur/hefur valdið rykmengun og ekki hefur náðst að fyrirbyggja það með öðrum aðferðum.

Skúffulyfta sem tekur við steinefnum eftir þurrkun, svo og eftirfylgjandi sigti, vogir og blöndun með asfalti skal vera yfirbyggð.

Fallhæð við flutning hráefna skal ekki vera meiri en tveir metrar.

Frágangur hráefnis í kringum starfsstöðina skal vera snyrtilegur. Stærð efnishauga skal ákvarðaður í samráði við eftirlitsaðila við uppsetningu stöðvarinnar á hverjum nýjum stað. Sama gildir um hvar bifreiðum tengdum starfsemi er lagt utan vinnutíma.

## LOFT

### 3.3 Afsogsloft og lykt

Afsog, t.d. frá brennurum, þurrkurum, blöndurum og flutningslyftum skal hreinsa í reykhreinsibúnaði, t.d. pokasíum eða öðrum útbúnaði sem fangar efnið. Áætlun skal vera til um rekstur og vöktun hreinsibúnaðar. Vöktun á hreinsibúnaði er skv. gr. 4.2. Ef hreinsibúnaður hættir að virka sem skyldi þá skal slökkva á stöðinni eins fljótt og auðið er og hreinsibúnaður kannaður og lagaður áður en stöðin er gangsett á ný.

Leiða skal útblástursloft út í gegnum skorstein sem er a.m.k. 12 metra hár, mælt frá jörðu, til að tryggja loftdreifingu. Hraði útblásturslofts skal ekki vera minni en 16 m/s ( $\pm 10\%$ ) til þess að koma í veg fyrir niðurdrátt. Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri lofthraða, með hliðsjón af hæð og hönnun skorsteins. Í því tilviki þarf rekstraraðili að leita til fagaðila til að reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

Ef vart er við lyktarmengun frá starfsemi skal bregðast við með viðurkenndum BAT aðferðum.

Rekstraraðili skal sjá til þess, eins og kostur er, að bikið sem nýtt er í stöðinni sé ekki lyktarsterkt bik.

### 3.4 Fræst malbik

Nota skal kalda innmötun í blöndunareiningu á malbiki sem fræst hefur verið upp til endurnýtingar, sbr. gr. 3.8, og þannig dregið úr losun PAH-efna (e. polycyclic aromatic hydrocarbons eða fjölhringa arómatískra vetniskolefna).

### 3.5 Losunarmörk í útblæstri

Útblástur skal standast eftirfarandi mörk í öllum einingum stöðvarinnar, miðað við klukkustundar meðalgildi og 17% súrefnisinnihald ( $O_2$ ) í útblæstrinum:

Mengunarefni	mg/Nm <sup>3</sup>
Heildarryk	50
Kolmónoxíð (CO)	500
Köfnunarefni NO <sub>x</sub> (sem NO <sub>2</sub> )	400
PAH (mæliaðferð skv. ISO 11338)	0,0020

## VATN

### 3.6 Frárennsli frá starfsmannaaðstöðu

Frárennsli frá tímabundinni starfsmannaaðstöðu skal vera skv. leiðbeiningum heilbrigðisnefndar hverju sinni sbr. gr. 13.4 í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

### 3.7 Geymar, lagnir og lekavarnir

Frágangur á geymum og lögnum fyrir eldfima vökva skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Lagnir skulu þannig frágengnar að hægt sé að kanna hvort þær leka. Í viðbragðsáætlun, sbr. gr. 2.6, skal kveðið á um viðbrögð vegna leka, til dæmis um búnað og efni til hreinsunar olíu sem kann að leka út, t.d. ídræg efni (ísogsefni, uppburkunarefni), notkun á lekabyttum og verklag við að hreinsa olíu sem lekur eða smitast út.

## ÚRGANGUR

### 3.8 Meðhöndlun úrgangs

Úrgangur sem fylgir starfseminni skal flokkaður og komið til viðurkennds móttökuaðila. Draga skal skipulega úr myndun úrgangs og úrgangi komið til endurnýtingar eða skipulagðrar meðhöndlunar.

Spilliefni sem verða til við starfsemina skal skrá og skila til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

Úrgangsolíu skal skila til samþykks móttökuaðila. Heimilt er að semja beint við aðila sem hefur heimild til nýtingar úrgangsolíu um móttöku á úrgangsolíu.

Malbik og bik sem fellur til við framleiðsluna skal hreinsað upp og komið í endurnýtingu í stöðvum sem hafa til þess leyfi.

Fíefni sem verður til við framleiðslu á malbiki skal endurnýtt eins og kostur er í framleiðslunni eða koma því í endurnýtingu í stöðvum sem hafa til þess leyfi.

## ANNAÐ

### 3.9 Hávaði og titringur

Rekstraraðili skal draga úr hávaða og titringi frá stöðinni, eins og kostur er, til dæmis með reglulegum úrbótaverkefnum og tryggja að hávaði frá starfseminni sé í samræmi við töflu III í viðauka og önnur ákvæði reglugerðar nr. 724/2008 um hávaða.

Eftirfarandi aðgerðir eru dæmi um aðgerðir sem til greina gætu komið sem úrbótaverkefni:

- Yfirfara starfshætti til að draga úr hávaða,
- athuga hávaða sem verður til við meðhöndlun hráefna,
- gera skilrúm sem loka hávaða af,
- þegar við á skal nýta BAT aðferðir til að draga úr hávaða.

### 3.10 Efnanotkun, öryggisblöð og skiptireglan

Rekstraraðili skal vinna samkvæmt efnalögum nr. 61/2013 og reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) sem og öðrum reglugerðum sem gilda um efni og efnablöndur. Við alla efnameðferð skal gæta þess að öryggisblöð séu aðgengileg og uppfærð.



Sé þess kostur skal skipta út efnnum eða efnablöndum sem eru talin geta haft í för með sér óæskileg áhrif á heilsu manna eða skaðað umhverfið. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhættu eins og kostur er. Við mengunaráhöpp skal fylgja viðbragðsáætlun skv. gr. 2.5.

Rekstraraðila er skylt að ganga þannig frá mengandi efnnum að ekki sé hætt á að þessi efni berist út í umhverfið.

### 3.11 Leyfi fyrir staðsetningar

Rekstraraðili skal gera Umhverfisstofnun (ust@ust.is) viðvart þegar fyrirhugað er að flytja stöðina á nýjan stað. Afla skal stöðuleyfis hjá byggingarfulltrúa viðkomandi sveitarfélaga eða Húsnæðis- og mannvirkjastofnun<sup>1</sup>.

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun afrit af stöðuleyfi um leið og það liggur fyrir. Rekstur stöðvarinnar er ekki heimill án stöðuleyfis. Ef stöðuleyfi liggur ekki fyrir getur stofnunin farið fram að stöðin sé fjarlægð ásamt öllu tilheyrandi, sbr. þó 3. mgr.

Ef liggur fyrir að stöð þurfi ekki stöðuleyfi er rekstraraðila aftur á móti skylt að senda Umhverfisstofnun skriflegt samþykki viðkomandi landeiganda og sveitarfélags fyrir stöðinni.

Þegar flutningi stöðvarinnar er lokið skal tilkynna það til Umhverfisstofnunar.

## 4. INNRA EFTIRLIT OG VÖKTUN

### 4.1 Skráningar

Rekstraraðili skal hafa eftirlit með rekstrarþáttum sem geta haft í för með sér mengun eða losun efna út í umhverfið. Rekstraraðili skal skrá upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila:

- Viðhald, eftirlit og bilanir í mengunarvarnabúnaði,
- skráning á vöktun mengunarvarnabúnaðar skv. gr. 4.2,
- mengunaráhöpp og viðbrögð við þeim,
- kvartanir sem rekstraraðila berast vegna starfseminnar,
- niðurstöður dagsettra hávaðamælinga og/eða hávaðaúttekta,
- niðurstöður mælinga, skv. gr. 4.2,
- magn og gerð efnis sem er sent til endurvinnslu og endurnýtingar, sbr. gr. 3.8, ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar,
- prófun og kvörðun mælitækja,
- magn og gerð efnis sem er sent til spilliefnamóttöku.

Umhverfisstofnun getur krafist úttektar á hávaða, sbr. gr. 3.9, ef tilefni gefst til. Niðurstöður hávaðamælinga og/eða úttekta, að beiðni Umhverfisstofnunar, skal senda eftirlitsaðila jafnóðum og þær liggja fyrir.

### 4.2 Mælingar og vöktun vegna starfseminnar

Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarkna í gr. 3.5. Verklag eða tæknilegar lausnir skulu vera fyrir hendi til að fylgjast með virkni reykhreinsivirkis, t.d. rifnum pokum. Skila skal niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum. Sjónræn vöktun skal framkvæmd daglega en nánari úttekt á

---

<sup>1</sup> Skylda um stöðuleyfi er skv. kafla 2.6 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.  
Síða 8 af 13



virgni rykhreinsivirkis skal fara fram árlega. Fella skal niður mælingar á PAH ef rekstraraðili notar ekki heimild gr. 3.4. Útstreymishraða úr skorsteini skal mæla samhliða rykmælingu. Mælingar skulu fara fram þegar stöðin er í eðlilegum rekstri.

Mælingar skulu vera gerðar samkvæmt stöðluðum mæliaðferðum.

### 4.3 Umsjón mælinga

Allar mælingar sem starfsleyfi þetta kveður á um eru á kostnað og ábyrgð rekstraraðila.

### 4.4 Vöktun umhverfis

Rekstraraðili skal taka þátt í sameiginlegri umhverfisvöktun á starfssvæðinu ef henni verður komið á, á gildistíma starfsleyfisins. Rekstraraðili skal greiða sinn hlut í rannsóknum á mengun eða sameiginlegri umhverfisvöktun eða einstökum vöktunarþáttum sem stafa af losun sem rekja má til stöðvarinnar í samræmi við umfang losunarinnar.

### 4.5 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Í yfirlitinu skulu koma fram niðurstöður mælinga og skráninga, skv. gr. 4.2. Umhverfisstofnun getur fallist á annað fyrirkomulag á þessum skilum, óski rekstraraðili þess. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um umhverfisupplýsingar eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreinda samantekt.

### 4.6 Umhverfisupplýsingar

Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfisstofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfsstöðinni með rafrænum hætti, skv. 34. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Rekstraraðili ber ábyrgð á þeim upplýsingum sem hann skilar til Umhverfisstofnunar.

Heimilt er að skila upplýsingunum sameiginlega auk ársyfirlits sbr. gr. 4.5. Skilafrestur framlengist þó ekki við það.

## 5. FLOKKUN STARFSEMI OG GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í lögum nr. 7/1998 í viðauka II, lið 3. Starfsemin er flokkuð í reglugerð nr. 550/2018 í viðauka IX, lið 3. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og greiðir eftirlitsaðila gjald vegna reglubundins eftirlits skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna frávika eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.

## 6. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem er veitt samkvæmt reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. lög nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, öðlast þegar gildi og gildir til 10. desember 2036.

Starfsleyfinu fylgir greinargerð vegna útgáfunnar í fylgiskjali 2.

Ákvörðun Umhverfisstofnunar um útgáfu starfsleyfis er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunar Umhverfisstofnunar skv. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis og auðlindamála.

Starfsemin er ekki heimil án starfsleyfis og rekstraraðila ber að sækja tímanlega um nýtt starfsleyfi ef halda á rekstrinum áfram þegar gildistími leyfisins rennur út.

**Reykjavík, 10. desember 2020**

**Umhverfisstofnun**

**Sigrún Ágústsdóttir**  
forstjóri

**Rakel Kristjánsdóttir**  
sérfræðingur

## VIÐAUKI

### *Yfirlit yfir skiladaga:*

Í eftirfarandi greinum starfsleyfisins eru ákveðnir skiladagar tilgreindir:

- Grein 1.5: Áætlun yfir ráðstafanir sem gera þarf fyrir næsta flutning malbikunarstöðvarinnar við upphaf framleiðslu malbiks á hverjum stað.
- Grein 1.5: Tilkynning um rekstrarstöðvun og brottflutning stöðvarinnar þannig að taka megí út frágang þegar ákvörðun um flutning malbikunarstöðvarinnar liggur fyrir.
- Grein 3.8: Skrá yfir þau spilliefni sem verða til við starfsemina sem skila skal til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.
- Grein 4.1: Niðurstöður hávaðamælinga og/eða úttekta skal senda eftirlitsaðila að hans beiðni þegar þær liggja fyrir.
- Grein 4.2: Mælingar skal gera einu sinni á ári vegna losunarmarka (sjá gr. 3.5) og niðurstöðurnar skal senda eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum.
- Grein 4.5: Ársyfirlit skal senda eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert.
- Grein 4.6: Skila skal árlega niðurstöðum umhverfisupplýsinga.

Sé misræmi á milli þessa viðauka og megintexta starfsleyfisins gildir megintextinn.

## FYLGISKJAL 1

### *Um ákvörðun losunarmarka:*

Losunarmörk fyrir útblástur í grein 3.5 eru ákvörðuð með tilliti til aðstæðna hjá rekstraraðila og dæmigerðum útblástursgildum skv. 7. kafla skjalsins „Environment Guidelines on Best Available Techniques (BAT) for the Production of Asphalt Paving Mixes“, útgefið af EAPA í júní 2007. Þó eru mörk fyrir NOX lægri og miðuð við losunarmörk í eldri leyfum Malbikunarstöðvarinnar Hlaðbær-Colas hf.

Í gr. 3.5 eru tilgreind losunarmörk í útblæstrinum fyrir ryk, kolmónoxíð, NOX efni og fjölhringa arómatísk vetniskolefni kemur fram að miðað skuli við klukkustundar meðalgildi og 17% súrefnisinnihald (O<sub>2</sub>). Þessi 17% súrefnisinnihaldsmörk koma úr BAT iðnaðarins þar sem segir: „Most national legislations use a reference level of 17% O<sub>2</sub> because this level is close to operating conditions in many cases. This value is higher than those for combustion plants etc, because it takes into account that most of the air emitted at the stack originates from the baghouse filter, not from the burner.“ (BAT, 2007, bls. 46).

## FYLGISKJAL 2

### *Greinargerð um auglýsingu starfsleyfistillögunnar og ákvörðun um útgáfu starfsleyfis Malbikunarstöðvar Hlaðbær-Colas hf. fyrir færanlegu malbikunarstöðina Marini*

#### **1. Almenn**

Umsókn um starfsleyfi fyrir malbikunarstöðina barst 25. nóvember 2019. Tilkynning um umsókn var birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar þann 30. janúar 2020.

Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf. (hér eftir MHC) var með starfsleyfi fyrir Marini stöðina sem gilti til 1. apríl 2020. Rekstraraðili sótti þann 6. mars sl. um framlengingu starfsleyfis í ljósi þess að nýtt starfsleyfi var í ferli. Umhverfisstofnun tók þann 27. apríl sl. ákvörðun um framlengingu starfsleyfisins til 1. desember 2020.

Umfang starfseminnar er óbreytt frá fyrra starfsleyfi sem gefið var út af Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis. Fram kemur í umsókn rekstraraðila að gert er ráð fyrir að þegar stöðin verður tekin niður og sett í geymslu verði hún staðsett á lóð höfuðstöðva rekstraraðila að Gullhelli 1 (eða við Silfurhelli 3) í Hafnarfirði eða á Ægisnesi 2 á Akureyri. Það getur þó breyst vegna verkefnastöðu og nýir geymslustaðir fundnir. Reynt er að velja færanlegum starfsstöðvum staðsetningu m.t.t. íbúa og iðnaðar á hverju svæði fyrir sig.

Starfsleyfistillaga Umhverfisstofnunar var auglýst opinberlega á vefsíðu stofnunarinnar á tímabilinu 30. október til 28. nóvember sl. með þremur öðrum tillögum fyrir færanlegar malbikunarstöðvar rekstraraðila. Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna var til og með 28. nóvember sl. Tilkynning um auglýsinguna var send til heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar- Garðabæjar- og Kópavogssvæðis (HHGK [hkh@heilbrigdiseftirlit.is](mailto:hkh@heilbrigdiseftirlit.is)) og Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar ([hms@hms.is](mailto:hms@hms.is)). Auk þess var tilkynning send á tengilið umsóknar Malbikunarstöðvar Hlaðbær-Colas hf.

#### **2. Staðsetning starfseminnar**

Stöðin hefur verið staðsett innan verndarsvæðis ISAVIA á Keflavíkurflugvelli frá því að hún kom til landsins árið 2016 vegna verkefna á vellinum.

Um er að ræða færanlega starfsemi sem er eðli síns vegna færð á milli staða til að vinna tímabundin verk á hverjum stað fyrir sig. Í starfseminni er notast við hreyfanlegan búnað sem tengist ekki fráveitukerfum á staðnum. Það er ekki fráveitukerfi í færanlegum malbikunarstöðvum. Ekki er gert ráð fyrir færanlegri starfsemi á skipulagi né þarf hún byggingarleyfi sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þess í stað þarf stöðin stöðuleyfi eða leyfi frá sveitarfélagi. Í grein 3.11 er fjallað um leyfi fyrir staðsetningu sem stöðin er háð. Stöðin skal hafa stöðuleyfi frá viðeigandi bygginga- og skipulagsfulltrúa (sveitarfélagi) fyrir stöðinni ef hún á að standa í meira en tvo mánuði, nema ef um er að ræða á varnarsvæði Keflavíkurflugvallar, þá skal stöðuleyfið veitt af Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Ef stöðin á að standa skemur en tvo mánuði er ekki þörf á stöðuleyfi en rekstraraðili skal sjá til þess að samþykki sé fengið frá sveitarfélaginu og landeigendum. Stöðuleyfi eða samþykkið skal sent til Umhverfisstofnunar í hvert skipti sem malbikunarstöðin er færð á nýjan stað.

### 3. Athugasemdir á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust á auglýsingartíma starfsleyfistillögu.

### 4. Breyting frá auglýstri tillögu

Greinargerðin var rituð við útgáfu starfsleyfisins. Í gr. 2.2 var bætt inn: „Tilkynna skal Umhverfisstofnun ef breyting verður á tengilið.“ Í gr. 3.3 var bætt við „eins og kostur er“ í síðustu málsgreinina um lykt. Tekin var út tilvísun í gr. 3.6 í gr. 4.2 þar sem hún átti ekki við. Ákvæði um heimild eftirlitsaðila til að kalla eftir úttekt á hávaða var færð úr gr. 4.2 í 4.1. Í gr. 4.2 var bætt inn: „Skila skal niðurstöðum mælinga til eftirlitsaðila innan mánaðar frá mælingum.“ Orðalagi var einnig lítillega breytt á stöku stað.

### 5. Mat á umhverfisáhrifum og skipulag

Færanlegar malbikunarstöðvar falla ekki undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og ekki er um að ræða framkvæmd sem er tilkynningarskyld vegna þeirra laga. Fram kemur í umsókn rekstraraðila að Skipulagsstofnun staðfesti að starfsemi malbikunarstöðva fellur ekki undir ákvæði laga um mat á umhverfisáhrifum hvort sem um er að ræða nýja stöð eða í þeim tilfellum sem verið er að endurnýja starfsleyfi eldri stöðvar.

Færanlegar malbikunarstöðvar eru ekki settar á skipulag þar sem verkefni þeirra á hverjum stað eru tímabundin. Afla þarf leyfis fyrir staðsetningar sbr. gr. 3.11 í starfsleyfi.